

Reglur

um

hvernig halda skuli verzlanskrár.

Samkvæmt 5. gr. laga 13. nóvbr. 1903, um verzlanskrár, firmu og prókúruumboð eru settar eptirfarandi reglur um, hvernig halda skuli verzlanskrár.

1. gr.

Verzlanskráin, sem hlutaðeigandi amtmaður löggildir, skal fyrir hvert lögsagnarumdæmi (1. gr. nefndra laga) haldin í þrem deildum samkvæmt fyrirmyndum þeim, er fylgja reglum þessum, A, B og C. A deildin er fyrir firmu einstakra manna, fjelaga, er ótakmarkaða ábyrgð hafa, og samlagsfjelaga, þar með talin samlagshlutaafjelög. B deildin er fyrir hlutaafjelög og C deildin fyrir önnur fjelög með takmarkaðri ábyrgð.

Í hverri deild verzlanskrárinnar fyrir sig skal gefa í áframhaldandi röð hverju firma sitt folió, sem ná skal yfir heila opnu að minnsta kosti.

2. gr.

Fyrir hverja deild verzlanskrárinnar skal halda registur í stafrófsröð yfir öll firmu, og setja þar folió firmans, og, í sýslunum, nafn þess hrepps, þar er aðalstöð firmans er.

3. gr.

Á hverju folió er sett efst vinstra megin nafn firmans með stóru letri og í sýslunum er sett efst hægra megin nafn þess hrepps, þar er aðalstöð þess er, einnig með stóru letri.

4. gr.

Í 4. dálk verzlanskrárinnar er skráð allt innihald hvernar tilkynningar; þó þarf ekki að endurtaka nafn firmans og þess hrepps eða bæjar, þar er aðalstöðin er, í hverju númeri (í áframhaldi). Nú kemur tilkynning um stofnun útibús annaðhvort í öðrum hreppi en þar er aðalstöðin er eða í sama hreppi en með öðru firma, og er þá skrifað á folió aðalfirmans stutt athugasemd um tilkynning um útibú, en tilkynninguna í heild sinni skal rita í 4. dálk á folió útibúsins í skrá þess hrepps eða bæjar, þar er aðalstöð útibúsins er.

Að öðru leyti ber að fylla úti dálkana í fyrirmyndinni samkvæmt yfirskriftunum yfir þá, og þeim bendingum, er gefnar eru í fyrirmyndunum hjer á eptir, sbr. 1. gr., að því leyti sem fyllt er úti þær til skýringar.

5. gr.

Nú kemur tilkynning um samlagsfjelag og fær það þá folió í A-deild verzlanskrárinnar, og einnig í B-deild, en vísað í hvoru folió til hins, og tilvísunin sett rjett undir númeri folíósins. Tilkynninguna skal rita í 4. dálk A-deildar; svo skal og fylla út í hina dálkana, nema hinn 11.; í hann skal að eins setja tilvísun til B deildar skrárinnar, en í fyrsta dálk B deildarinnar skal skrifa númer tilkynninganna (í áframbaldi), eins og þau eru í Adeildinni, og fylla út í 6. og 12.—15. dálk.

6. gr.

24

Nú kemur tilkynning um firma samkvæmt 37. gr. 2. firmnalaganna, og 8. marz skal þá undir nafni firmans (í fyrirsögninni) á folió þess sett: Tilkynning samkvæmt 37. gr.

7. gr.

Sjerhver bókun um tilkynning skal aðgreind frá síðari bókunum með stryki yfir opnuna þvera. Þegar opnan er útskrifuð, er firmað flutt með tilvísun til nýs folíós og skulu númer tilkynninganna (1. dálkur) vera í áframhaldi frá hinu fyrra folíó. Undir nafn firmans í fyrirsögninni fyrir hinu nýja folíó, skal vera tilvísun til hins fyrra.

8. gr.

Þegar tilkynning er bókuð í verzlanskrá, skal rita á tilkynninguna tölu þess folíós sem hún er á bókuð, og númer hennar á því. Á tilkynningarnar eru svo rituð númer í áframhaldandi töluröð, og eru þessi númer rituð í síðasta dálk skrárinnar. Síðan eru þessar tilkynningar með fylgiskjölum geymdar og haldið saman fyrir ár hvert útaf fyrir sig, svo sem fylgiskjöl við verzlanskrána.

9. gr.

Firmaritun sú, er ræðir um í 22. og 31. gr. firmnalaganna, skal, ef nafnskript þess eigi stendur í tilkynningunni, sett í viðauka við verzlanskrána undir númerum í áframhaldandi töluröð, og skal vísa til númera þessara í 8. og 10. dálki A deildarinnar og 9. og 11. dálki B og C-deildarinnar. Í hverju númeri viðauka þessa skal vísa til folíós viðkomandi tilkynningar og númers hennar á hinu sama folíó.

10. gr.

Lögreglustjóri skal skyldur til að gefa hlutadeigendum leiðbeiningu um það, hvernig rita skal tilkynningar um firmu m. m.

Í stjórnarráði Íslands, 8. marz 1904.

Í fjarveru ráðherrans.

Kl. Jónsson,

settur.

Jón Magnússon,

settur.

Firmað: Jón Guðmundsson.

1.	2.	3.	4.	5.	6.
Nr.	Hvænær skrásett.	Nafn blaðs þess sem birt er í.	Efni tilkynningar.	Tegund atvinnu.	Nafn atvinnurekanda eða fjelagsmanna með ótakmarkaðri ábyrgð.
1.	1904 júli 2.	Þjóðólfur 1904 Nr.	Jón Guðmundsson til heimilis rekur verzlun í Reykjavík undir firmanu Jón Guðmundsson.	verzlun.	Jón Guðmundsson.
2.	1905 ág. 7.	Þjóðólfur 1905 Nr.	Sigurður Jónsson til heimilis og Árni Árnason til heimilis hafa gjörzt fjelagsmenn með ótakmarkaðri ábyrgð. Aðeins undirskript Jóns Guðmundssonar er gild.		Jón Guðmundsson. Sigurður Jónsson. Árni Árnason.
3.	1906 sept. 4.	Þjóðólfur 1906 Nr.	Jón Guðmundsson er dáinn og er aðeins undir- skript beggja Sigurðar Jónssonar og Árna Árnasonar gild.		Sigurður Jónsson. Árni Árnason.
4.	1907 marz 2.	Þjóðólfur 1907 Nr.	Verzlunin er falin skuldalúkningamönnum: Grími Tómassyni og Þorsteini Sigurðssyni með rjetti til að rita firmað.		
5.	1907 ág. 7.	Þjóðólfur 1907 Nr.	Skuldalúkning er hætt.		
6.	1907 ág. 7.				
7.	1907 nóv. 8.				
8.	1908 jan. 2.	Þjóðólfur 1908 Nr.	Stefán Stefánsson er tilkynntur prókúrahafi.		
9.	1908 júli 11.	Þjóðólfur 1908 Nr.	Sigurður Jónsson er farinn úr fjelaginu.		Árni Árnason.
10.	1909 marz 3.	Þjóðólfur 1909 Nr.	Prókúra sú, er veitt var Stefáni Stefánssyni, er tekin aptur.		
11.	1910 des. 7.	Þjóðólfur 1910 Nr.	Árni Árnason er dáinn; erfingjarnir, Helgi Árnason til heimilis og Pjetur Sveinsson til heimilis giptur Helgu Hjálmarsdóttur, halda verzlun- inni áfram fyrst um sinn. Aðeins undirskript Helga Árnasonar er gild.		Helgi Árnason. Pjetur Sveinsson.
12.	1911 mrz 11.	Þjóðólfur 1911 Nr.	Erfinginn Helgi Árnason hefir tekið að sjer verzlunina.		Helgi Árnason.
13.	1912 apr. 8.	Þjóðólfur 1912 Nr.	Verzlunin er hætt.		

Firmað: Ágúst Sigurðsson & Co.

1.	2.	3.	4.	5.	6.
Nr.	Hvenær skrásett.	Nafn blaðs þess sem birt er í.	Efni tilkynningar.	Tegund atvinnu.	Nafn atvinnurekanda eða fjelagsmanna með ótakmarkaðri ábyrgð.
1.	1904 júlí 11.	Þjóðólfur 1904 Nr.	Með firmanu Ágúst Sigurðsson & Co. er rekin verzlun í Reykjavík, af samlagsfjelagi og eru Ágúst Sigurðsson til heimilis....., Pjetur Jónsson til heimilisog Kristján Kristjánsson til heimilisfjelagsmenn með ótakmarkaðri ábyrgð, en Einar Jónsson, Helgi Sveinsson og Sveinn Björnsson eru samlagsmenn, með 50,000 kr., 40,000 kr. og 20,000 kr. tillagi. Haraldur Eiríksson er prókúruhafi.	Verzlun.	Ágúst Sigurðsson. Pjetur Jónsson. Kristján Kristjánsson.
2.	1905 ág. 15.	Þjóðólfur 1905 Nr.	Kristján Kristjánsson er fariinn úr fjelaginu.		Ágúst Sigurðsson. Pjetur Jónsson.
3.	1905 sept. 10.		Tillag Einars Jónssonar er fært niður í 40,000 kr. og tillag Sveins Björnssonar upp í 30,000 kr.		
4.	1905 okt. 4.	Þjóðólfur 1905 Nr.	Fjelagið hefir tilkynnt að stofnað sje útbú í Hafnarfirði í Garðahreppi undir stjórn Eggerts Sigurðssonar.		
5.	1905 nóv. 9.	Þjóðólfur 1905 Nr.	Fjelagið rekur einnig miðlunarstörf við vöruf lutninga.	verzlun og miðlunarstörf við vöruf lutninga.	

Verzlanaskrá: A deild.

7. Fyrirvari að því er snertir rjett til að rita firmað.	8. Númer i við- aukapróttu- kolnum.	9. Prókúra.	10. Númer i við- aukapróttu- kolnum.	11. Samlagsmenn.		12. Athuga- semdir.	13. Númer hinnar upprunalegu tilkynnningar og fylgi- skjala.
				Nöfn.	Tillög.		
	Nafn- ritun á til- kynn- ing- unni.	Haraldur Eiríksson.	Nafn- ritun á til- kynn- ing- unni.	Einar Jónsson. Helgi Sveinsson. Sveinn Björnsson.	50,000 40,000 20,000		11/ 1904
							211/ 1905
				Einar Jónsson. Helgi Sveinsson. Sveinn Björnsson.	40,000 40,000 30,000		221/ 1905
							247/ 1905

24 Fól. 14.

Verzlanaskrá: A deild.
Firmað: Ágúst Sigurðsson & Co.

1.	2.	3.	4.	5.	6.
Nr.	Hvenær skrásett	Nafn blaðs þess sem birt er í	Efni tilkynningar.	Tegund atvinnu.	Nafn atvinnurekanda eða fjelagsmanna með ótakmarkaðri ábyrgð.
1.	1905. okt. 6.	Þjóðólfur 1905 Nr.	<p>Með firmanu Ágúst Sigurðsson & Co. er rekin verzlun í Reykjavík ásamt útbúi í Hafnarfirði í Gardahreppi af samlagsfjlagi og eru Ágúst Sigurðsson til heimilis í og Pjetur Jónsson til heimilis í fjelagsmenn með ótamarkaðri ábyrgð, en Einar Jódsson, Helgi Sveinsson og Sveinn Björnsson samlagsmenn með 40,000 kr., 40,000 kr. og 30,000 kr. til-lagi. Haraldur Eiríksson er prókúruhafi.</p> <p>Fyrir útbúi í Hafnarfirði er Eggert Sigurðsson.</p>	Verzlun.	Ágúst Sigurðsson Pjetur Jónsson

1.	2.	3.	4.	5.	6.
Nr.	Hvenær skrúsett.	Nafn blaðs þess er birt er í.	Efni tilkynningar.	Tegund atvinnu.	Nafnatvinnurekanda eða fjelagsmanna með ótakmarkaðri ábyrgð.
1.	1904. júli 1.	Þjóðólfur 1904. Nr.	Samlagsfjelaði Ólafur Hjaltason & Co. á Akureyri rekur klæðaverksmiðju Egill Jónsson til heimilis er hluthafi með ótakmarkaðri ábyrgð. Hlutfjæð er 1 miljón króna, sem skipt er í 5000 hluti, að upphæð 100 kr. hver, og 500 hluti að upphæð 1000 kr. hver. Hlutabréfin hljóða uppá nafn og eru greidd að fullu. Samþykkt fjelagsins er frá 1. maí 1904. Birtingar til fjelagsmanna skulu settar í Þjóðólf.	Klæða- verk- smiðja.	Ólafur Hjaltason.
2.	1905. ág. 7.	Þjóðólfur 1905. Nr.	Fjelaði hefir veitt Hannesi Jónssyni og Tómasi Sigurðssyni sameiginlega prókúra.		
3.	1906. sept11.	Þjóðólfur 1906.	Prókúra sú er veitt var Hannesi Jónssyni og Tómasi Sigurðssyni sameiginlega er tekin aptur. Hannesi Jónssyni er veitt prókúra.		
4.	1909. jan. 2.	Þjóðólfur 1909. Nr.	Höfuðstóllinn er færður niður um helming við það, að upphæð hlutanna er lækkuð um helming. Samþykkt fjelagsins var breytt 30. des. 1908.		

Verzlanaskrá: A deild.

7.	8.	9.	10.	11.		12.	13.
Fyrirvari að því er snertir rjett til að rífa firmað.	Númer í viðaukaþróto-kolnum.	Prókúra.	Númer í viðaukaþróto-kolnum.	Samlagsmenn:		Athuga-sendir.	Númer hinna- ar uppruna- legu tilkynn- ingar og fylgiskjala.
				Nöfn.	Tillög		
	Prot. A. 3.			Sjá verzlanskrá B. Fol. 13.			41/1904.
		Hannes Jónsson og Tómas Sigurðs-son í samein-ingu.	Prot. A. 79.				89/1905.
		Hannes Jónsson.	Prot. B. 34.				92/1906.
				Sjá verzlanskrá B. Fol. 13.			2/1909.

Firmað: Fjlagsbakarið á Akureyri.

Tilkynnt samkvæmt 37. gr. laganna.

1.	2.	3.	4.	5.	6.
Nr.	Hvenær skrásett.	Nafn blaðs þess sem birt er í.	Efni tilkynningar.	Tegund atvinnu.	Nafn atvinnurekanda eða fjelagsmanna með ótakmarkaðri ábyrgð.
1.	1904 júli 1.	Þjóðólfur 1904 Nr.	Oddur Helgason til heimilis tilkynnir samkvæmt 37. gr. 2 firmnalaganna að hann reki verzlun á Akureyri með ótakmarkaðri ábyrgð undir firmanu: Fjlagsbakarið á Akureyri.	verzlun.	Oddur Helgason.
2.	1904 sept. 8.	Þjóðólfur 1904 Nr.	Oddur Helgason er dáinn, ekkja hann Margrjet Jónsdóttir heldur verzluninni áfram undir sama firma.		Margrjet Jónsdóttir.
3.	1905 ág. 3.	Þjóðólfur 1905 Nr.	Ingólfur Gíslason hefir kvongast Margrjetu Jónsdóttur og heldur áfram verzluninni undir sama firma.		Ingólfur Gíslason.

Verzlanaskrá: A deild.

7. Fyrirvari að því er snertir rjett til að rita firmað.	8. Númer i við- aukapróto- kolnum.	9. Prókúra.	10. Númer i við- aukapróto- kolnum.	11. Samlagsmenn.		12. Athuga- sendir.	13. Númer hinnar upprunalegu tilkynningar og fylgr- skjala.
				Nöfn.	Tillög.		
			Nafn- ritun á til- kynn- ing- unni.				11/1904
			Prot. A.114.				135/1904
			Prot. A. 314.				122/1905

Verzlanaskrá: B deild.

Fol. 4.

Firmað: Hlutfjelagið Ísland.

1.	2.	3.	4.	5.	6.	7.	8.
Nr.	Hvenær skrásett.	Hvar og hvenær birt	Efni tilkynningar.	Dagsetning samþykktu	Tegund atvinnu	Stjórn.	Rjett til að rita firmað hafa.
1.	1904. júlí 1.	Í Þjóðólfi 1904. Nr.	Jóhann Pjetursson til heimilis og Kristján Sigurðsson til heimilis tilkynna að hlutfjelagið „Ísland“ taki að sjer gegn idgjaldi vátryggingu fasteigna og lausafjár. Samþykktirnar eru gjörðar 12. júní 1904. Í stjórn fjelags-er Jóhann Pjetursson sem framkvæmdarstjóri og Kristján Sigurðsson sem ritari. Undirskript beggja er gild. Höfuðstóllinn er 4 miljónir króna skipt í 2000 hluti að upphæð 2000 kr., sem hljóða uppá nafn. Af nafnverði hlutabrefanna er 10% greitt; það sem eptir stendur má innheimta hvenær sem vera skal. Birtingar til fjelagsmanna skulu settar í Þjóðólfi eða það blað, sem birta skal í opinberar auglýsingar.	1904 júní 12.	Vátrygging fasteigna og lausafjár gegn idgjaldi.	Jóhann Pjetursson Kristján Sigurðsson.	Jóhann Pjetursson Kristján Sigurðsson.
2.	1905. júlí 1.	Í Þjóðólfi 1905. Nr.	Samkvæmt ályktun aðalfundar 12. júní 1905, sem einnig inniheldur aðrar breytingar á samþykktunum, hefir fjelagið bætt við sig lífsábyrgðardeild; það sem eptir stóð af nafnverði hlutabrefanna er greitt.	1904 júní 12. með viðauka 12. júní 1905.	Vátrygging fasteigna og lausafjár og lífsábyrgð gegn idgjaldi.		

Verzlanaskrá: B deild.

9.	10.	11.	12.	13.	14.	15.	16.	17.
Númer í viðaukaprófkolum.	Prókúra.	Númer í viðaukaprófkolum.	Stærð höfuðstóls og skipting.	Hvort hlutirnir hljóða uppá nafn eða handhafa.	Hvort hlutirnir eru greiddir að fullu eða hve mikið af upphæð þeirra, og hvenær innheimta má það sem eptir stendur.	Hvortbirtingar til fjelagsmanna skulu settar í opinber blöð og ef svo er, hver.	Athuga-semdir.	Númer hinnar upprunalegu tilkynningar og fylgiskj.
Prot. A. Nr. 12			4 miljónir króna í 2000 hlutum að upphæð 2000 kr.	Nafn.	Aðeins 10% er greitt; það sem eptir stendur má innheimta hvenær sem vera skal.	Í Þjóðólfi eða blaði því er löggilt er til að flytja opinberar auglýsingar.		14/1904
					Hlutirnir eru greiddir að fullu.			117/1905

24 Fol. 2.

Verzlanaskrá: C deild.

Firmað: Gosdrykkjaverksmiðjan »Geysir«.

1.	2.	3.	4	5	6.	7.	8.
Nr.	Hvenær skrásett	Hvar og hvenær birt.	Efni tilkynningar.	Dagsetning samþykktá.	Tegund atvinnu	Stjórn.	Rjett til að rita firmað hafa
1.	1905. marz 7.	Þjóðólfur 1905. Nr.	Páll Bjarnason til heimilis og Runólfur Lárusson til heimilis tilkynna að þeir undir firmanu „Gos- drykkjaverksmiðjan Geysir“ reki verksmiðju er býr til gosdrykki. Þeir ábyrgjast skuldir fjelags- ins með aleigu sinni, en pro rata, og á hinn fyrnefndi $\frac{2}{3}$ í fyrirtækinu, en hinn síðar- nefndi $\frac{1}{3}$. Jón Pálsson og Sig- urður Jónsson eru samlagsmenn, og leggur Jón til 20000 kr., en Sigurður 11000 kr. Samþykktir fjelagsins eru frá 7. jan. 1905. Páll Bjarnason og Runólfur Lárusson hafa rjett til að rita firmað.	1905 7. jan.	Gos- drykkja- verk- smiðja.	Páll Bjarna- son, Runólfur Lárusson.	Páll Bjarna- son, Runólfur Lárusson.
	1907 júli 8.	Þjóðólfur 1907 Nr.	Þar eð starfsemi fjelagsins nú er breytt í ölgærd, flyzt það á nýtt folió.				

Firmað: Sparisjóður Akraneshrepps fyrir daglaunamenn.

1.	2.	3.	4.	5.	6.		
Nr.	Hvenær skrásett.	Hvar og hvenær birt.	Efni tilkynningar.	Dagsetning samþykktá.	Tegund afvinnu.	Stjórn.	Rjett til að rita firmað hafa.
1.	1905 ág. 1.	Þjóðólfur 1905 Nr.	Bændurnir Andrjes Páls-son, Páll Andrjesson, Magnús Magnússon, Jón Sigurðs-son og Árni Jónsson, allir til heimilis í Akraneshreppi, tilkynna, að þeir hafi stofnað sparisjód undir firmanu: Sparisjóður Akraneshrepps fyrir daglaunamenn. Samþykktirnar eru frá 11. júlí 1890. Allir tilkynnendur eru í stjórn sjóðsins og þrír af stjórnendum í sameiningu rita firmað. Þangað til sjóðurinn hefir eignast vara-sjóð, að upphæð 5000 kr. ábyrgjast allir atjórnendur sjóðsins einn fyrir alla og allir fyrir einn skuldir sjóðsins allt að 5000 kr.	1905 1. júlí	Sparisjóður fyrir daglaunamenn.	Andrjes Páls-son, Páll Andrjesson, Magnús Magnússon, Jón Sigurðs-son, Árni Jónsson.	Þrír af stjórnendum í sameiningu.
2.	1907 ág. 1.	Þjóðólfur 1907 Nr.	Jón Sigurðsson er farinn úr stjórninni og Ólafur Jónsson kominn í hans stað. Hinn áskyldi vara-sjóður er til orðinn, og fellur því ábyrgð stjórnenda burt.			Andrjes Páls-son, Páll Andrjesson, Magnús Magnússon, Árni Jónsson, Ólafur Jónsson.	

Verzlanaskrá C^a deild.
Akraneshreppur.

9.	10.	11.	12.	13.	14.	15.	16.
Númer í við- aukapróto- kolum.	Prókúra.	Númer í við- aukapróto- kolum.	Tillög sem lögð eru í fjelagið	Hvort nokkur af fjelogsmönnum á- byrgist skuldir fje- lagsins, og ef svo er, þá hver og hvernig.	Hvort setja skal birtingar til fje- lagsmanna í opin- ber blöð, og ef svo er, þá hver.	Athuga- sendir.	Númer hinn- ar uppruna- legu tilkynn- ingar og fylgiskjala.
Prot. A. 3.				Andrjes Pálsson, Páll Andrjesson, Magnús Magnússon, Jón Sigurdsson, og Árni Jónsson á- byrgjast þangað til sjóðurinn eignast varasjóð, að upp- hæð 5000 kr. allir fyrir einn og einn fyrir alla skuldir sjóðsins allt að 5000 kr.			3/1905
Prot. A. 47				Ábyrgð stjórnenda er burtu fallin.			13/1907

24 Fol. 20.

Verzlanaskrá: C deild.

Firmað: Kaupfjelað Kjalnesinga.

1.	2.	3.	4	5	6.	7.	8.
Nr.	Hvenær skrásett	Hvar og hvenær birt.	Efni tilkynningar.	Dagsetning samþykktá.	Tegund atvinnu	Stjórn.	Rjett til að rita firmað hafa
1.	1905. jan. 2.	Þjóðólfur 1905. Nr.	Bændurnir Jóhann Sigurðsson, Þorkell Jónsson og Páll Pálsson allir innan Kjalarneshrepps tilkynna að kaupfjelað Kjalnesinga reki verzlun undir nefndu firma. Fjelagsmenn greiða 1 kr., er þeir ganga í fjelagið, og ábyrgjast skuldir fjelagsins allir fyrir einn og einn fyrir alla, þó svo að hver einstakur fjelagsmaður losnar við skuldbindingar sínar 1 ári eptir að hann fer úr fjelaginu. Samþykktirnar eru frá 12. desbr. 1904. Birtingar til fjelagsmanna skal setja í Þjóðólf. Að eins undirskript Páls Pálssonar er gild.	1904 des.12.	Verzlun	Jóhann Sigurðsson, Þorkell Jónsson, Páll Pálsson.	Páll Pálsson.
2.	1905. júli 2.	Í Þjóðólfi 1905. Nr.	30. júní þ. á. var samþykktum fjelagsins breytt og aukið við þær.	1904 des.12. ásamt við- auka og breyt- ingum 30. júní 1905.			

Verzlanaskrá: C deild.

Fol. 3.

Firmað: Jóhannes Ólafsson & Co. limitað.

Tilkynnt samkvæmt 37. gr. laganna.

1.	2.	3.	4.	5.	6.	7.	8.
Nr.	Hvenær skrásett.	Hvar og hvenær birt	Efni tilkynningar.	Dagsetning samþykktá	Tegund atvinnu	Stjórn.	Rjett til að rita firmað hafa.
1.	1904. júlí 4.	Í Þjóðólfi 1904. Nr.	Jóhannes Ólafsson til heimilisog Friðrik Sigurðsson til heimilis tilkynna samkvæmt 37. gr. 2 firmnalaganna að þeir reki vindlagerð í Reykjavík undir firmanu Jóhannes Ólafsson & Co. limitað. Hvor fjelagsmanna ábyrgist pro rata helming skulda fjelagsins, en til vara ábyrgist einn fyrir báða og báðir fyrir annan. Eignarsamningurinn er dagsettur 12. júlí 1902. Báðir hlutaðeigendur hafa rjett til að rita firmað.	1902 júlí 12.	Vindlagerð.	Jóhannes Ólafsson, Friðrik Sigurðsson.	Jóhannes Ólafsson, Friðrik Sigurðsson.

Verzlanaskrá: C deild.

9.	10.	11.	12.	13.	14.	15.	16.
Númer i við- aukaprófu- kolumn.	Prókúra.	Númer i við- aukaprófu- kolumn.	Tillög sem lögð eru í fjelagið.	Hvort nokkur af fjelagsmönnum á- byrgist skuldir fjelagsins og ef svo er, þá hver og hvernig.	Hvort setja skal birtingar til fjelags- manna í opinber blöð, og ef svo er, þá hver.	Athuga- sendir.	Númer hinn- ar uppruna- legu tilkynn- ingar og fylri- skjala.
Prót. A. 17.				Jóhannes Ól- afsson og Friðrik Sig- urðsson á- byrgjast pro rata hvor sinn helming, en til vara einn fyrir báða og báðir fyrir annan.			31/1904